

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/58/01	Framseld ákvörðun frá 25. maí 2020 um að heimila Noregi að víkja frá tilteknum sameiginlegum reglum um flugöryggi skv. 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008	1
2020/EES/58/02	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli nr. 71480 – Telenor	5
2020/EES/58/03	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu frá 26. júní 2020 – Varðandi drög að ákvörðun í máli nr. 71480 – Telenor	12
2020/EES/58/04	Ágrip af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 070/20/COL frá 29. júní 2020 að því er varðar málarekstur skv. 54. gr. EES-samningsins (mál nr. 71480 – Telenor)	14
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/58/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9560 – Gränges/Impexmetal)	18
2020/EES/58/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9741 – Ines Kaindl/Peter Kaindl/M Kaindl)	19
2020/EES/58/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9798 – BorgWarner/Delphi Technologies)	20
2020/EES/58/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9810 – Natixis Investment Managers/La Banque Postale/JV)	21
2020/EES/58/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9879 – APG/NPS/JMI/Brisa) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	22

2020/EES/58/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9895 – KKR/Waves UK Divestco) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	23
2020/EES/58/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9905 – Bridgepoint/EQT Credit Platform) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	24
2020/EES/58/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9908 – Bonduelle/Unibel/Sparkling Partners/Végéhub/Yumi) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	25
2020/EES/58/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9909 – ISTA International/Aareal Bank/Objego) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	26
2020/EES/58/14	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9910 – Mapfre Group/Santander Group/Popular Seguros JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2020/EES/58/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9447 – Hitachi/ABB (Power Grid Division))	28
2020/EES/58/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9460 – Capgemini/Altran)	28
2020/EES/58/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9856 – M&G Investment Management/Baring Asset Management/Tunstall Group Holdings)	29
2020/EES/58/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9870 – Total Direct Energie/Kernaman)	29
2020/EES/58/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9881 – Charlesbank/TA/Vista/Aptean/Yaletown)	30
2020/EES/58/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9901 – GIG Solar/Siemens/JV)	30
2020/EES/58/21	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53964 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Luciad vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	31
2020/EES/58/22	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53965 (2019/NN) – skattundanþága í þágu BASF vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	32
2020/EES/58/23	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53966 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Eval Europe vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	33
2020/EES/58/24	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53967 (2019/NN) – skattundanþága í þágu BP Aromatics vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	34
2020/EES/58/25	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53968 (2019/NN) – skattundanþága í þágu The Heating Company vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	35

2020/EES/58/26	Ríkisaðstoð – Belgía – State aid SA.53969 (2019/NN) – skattundanþága í þágu British American Tobacco vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	36
2020/EES/58/27	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53970 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Evonik vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	37
2020/EES/58/28	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53971 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Nomacorc vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	38
2020/EES/58/29	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53972 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Delta Light vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	39
2020/EES/58/30	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53973 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Henkel Electronic vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	40
2020/EES/58/31	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53974 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Puratos vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	41
2020/EES/58/32	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53975 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Omega Pharma vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	42
2020/EES/58/33	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53976 (2019/NN) – skattundanþága í þágu LMS International vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	43
2020/EES/58/34	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53977 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Noble International vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	44
2020/EES/58/35	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53978 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Trane vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	45
2020/EES/58/36	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53979 (2019/NN) – skattundanþága í þágu VF Europe vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	46
2020/EES/58/37	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53980 (2019/NN) – skattundanþága í þágu St. Jude Medical vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	47
2020/EES/58/38	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53981 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Soudal vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	48
2020/EES/58/39	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53982 (2019/NN) – skattundanþága í þágu Ontex BVBA vegna umframhagnaðar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	49

2020/EES/58/40	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. febrúar 2020	50
2020/EES/58/41	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. mars 2020	51
2020/EES/58/42	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. apríl 2020	52
2020/EES/58/43	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. maí/1. júní 2020	53
2020/EES/58/44	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. júlí 2020	54
2020/EES/58/45	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. ágúst 2020	55

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

FRAMSELD ÁKVÖRDUN

2020/EES/58/01

frá 25. maí 2020

um að heimila Noregi að víkja frá tilteknum sameiginlegum reglum um flugöryggi skv. 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til gerðarinnar sem vísað er til í lið 66n í XIII. viðauka við EES-samninginn,

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EEB, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB, með áorðnum breytingum („gerðin“),

samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011, einkum e-lið 3. tl. viðaukans við ákvörðunina,

einkum með hliðsjón af 6. mgr. 14. gr. og 7. mgr. 14. gr. gerðarinnar,

með hliðsjón af álitum EFTA-nefndarinnar um flutningastarfsemi frá 6. maí 2020 í formi þegjandi samþykkis, með því að upphafleg dagsetning álitsins var framlengd um einn mánuð með undantekningu vegna ástandsins af völdum kórónaveirunnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Norsk stjórnvöld tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnuninni“) og Flugöryggisstofnun Evrópu („flugöryggisstofnuninni“) að þau hygðust veita undanþágu frá kröfum skv. FCL.905.SFI í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 ⁽¹⁾ með því að veita flugþjálfakennurum réttindi til að kenna umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara (SFI), án þess að uppfylla kröfuna um þriggja ára reynslu sem tegundakennari (TRI).

Skv. 6. mgr. 14. gr. er aðildarríkjum heimilt, ef unnt er að veita sambærilega vernd og fæst með beitingu reglnanna um framkvæmd reglugerðarinnar eftir öðrum leiðum, að veita samþykki fyrir undanþágu frá framkvæmdarreglunum, ef það er gert án mismununar á grundvelli þjóðernis.

Eftirlitsstofnunin hefur, skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, lagt mat á þörfina fyrir umbeðna undanþágu og þá vernd sem leiðir af henni, á grundvelli tilmæla frá flugöryggisstofnuninni, sem gefin voru út 29. október 2019 (skjal nr. 1094402) og leiðrétt 6. nóvember 2019 (skjal nr. 1095781). Eftirlitsstofnunin hefur einnig tekið mið af svipaðri undanþágu sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mat jákvæða í ákvörðun 2014/69/ESB ⁽²⁾ og kemst að þeirri niðurstöðu að undanþágan tryggi öryggisstig sem jafngildi öryggi við beitingu sameiginlegra reglna um flugöryggi, að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.

Skv. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 og aðlögunartexta a) í 3. tl. viðauka við ákvörðunina, ber að skilja hugtakið „aðildarríki/n“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þess samkvæmt reglugerðinni.

⁽¹⁾ *Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnáslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.*

⁽²⁾ *Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/69/ESB frá 6. febrúar 2014 um að heimila Svíþjóð og Bretlandi að víkja frá tilteknum sameiginlegum reglum um flugöryggi skv. 6. mgr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. Stjttð. ESB L 39, 8.2.2014, bls. 60.*

Skv. 7. mgr. 14. gr. lagagerðarinnar, skal tilkynna öllum EFTA-ríkjum um undanþágu sem veitt er einu EFTA-ríki og skulu þau einnig eiga rétt á að beita þeirri undanþágu. Því ber að beina þessari ákvörðun til allra EFTA-ríkjanna. Lýsing á hverri undanþágu og þeim skilyrðum sem fylgja skal vera þannig að öðrum EFTA-ríkjum sé gert kleift að beita ráðstöfuninni þegar þau eru í sömu stöðu, án þess frekara samþykkis eftirlitsstofnunarinnar sé krafist. Eigi að síður ber EFTA-ríkjunum að tilkynna um beitingu undanþága, þar sem þær kunna að hafa áhrif utan viðkomandi EFTA-ríkis.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um flutningastarfsemi.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. Noregi er heimilt að víkja frá kröfum skv. FCL.905.SFI í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa ákvörðun, að því tilskildu að skilyrðunum sem greinir í 4. til. viðaukans sé hlítt.
2. Öll EFTA-ríkin skulu eiga rétt á að beita samskonar ráðstöfun og greinir í viðaukanum við þessa ákvörðun. EFTA-ríkin skulu tilkynna eftirlitsstofnuninni, flugöryggisstofnuninni og innlendum flugmálayfirvöldum um þetta.
3. Ákvörðun þessari er beint að EFTA-ríkjunum. Ákvörðunin er fullgild á ensku.
4. Tilkynna skal Noregi, Íslandi og Liechtenstein um þessa ákvörðun.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt framseldri ákvörðun nr. 103/13/COL,

Högni Kristjánsson

Stjórnarmaður sem fer með málaflokkinn

Carsten Zatschler

Meðáritar sem deildarstjóri Lagaskrifstofu

VIÐAUKI**Undanþága EFTA-ríkjanna frá reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar réttindi og skilyrði flugþjálfakennara****1. Lýsing á beiðninni**

Sérréttindi flugþjálfakennara eru sett fram með ákvæði FCL.905.SFI í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og það heimilar ekki að flugþjálfakennari kenni umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara. Í hluta FCL eru sérréttindi til þess að veita þessa kennslu einungis veitt þeim sem hafa fengið vottorð tegundakennara og að hafa minnsta kosti þriggja ára reynslu sem tegundakennari.

Norsk stjórnvöld tilkynntu eftirlitsstofnuninni með bréfi dags. 11. júlí 2019 (skjal nr. 1080642) um þá ætlun sína að víkja frá kröfum FCL.905.SFI í I. viðauka. Norsk stjórnvöld tilkynntu Flugöryggisstofnun Evrópu („flugöryggisstofnuninni) þetta með bréfi dags. 20. ágúst 2019 (skjal nr. 1084282).

Norsk stjórnvöld lögðu til að flugþjálfakennurum yrðu veitt þau sérréttindi að mega kenna umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara án þess að uppfylla skilyrðið um að minnsta kosti þriggja ára reynslu sem tegundakennarar.

2. Mat á beiðninni**2.1 Þörf**

Samkvæmt norskum stjórnvöldum heimilar núverandi ákvæði FCL.905.SFI í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 flugþjálfakennara ekki að kenna umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara. Í hluta FCL eru þau sérréttindi að veita þessa kennslu veitt tegundakennurum, að því tilskildu að þeir hafi að minnsta kosti þriggja ára reynslu sem tegundakennarar. Margir flugþjálfakennarar sem kenna á flugþjálfakennaranámskeiðum í Noregi uppfylla ekki kröfur svo þeim sé unnt að verða tegundakennari með þriggja ára reynslu. Þeir flugþjálfakennarar munu því ekki geta haldið áfram að stunda kennslu á flugþjálfakennaranámskeiðum. Enn fremur myndu margir núverandi flugþjálfakennarar ekki geta uppfyllt kröfurnar fyrir tegundakennara af heilbrigðisástæðum.

Norsk stjórnvöld hafa lagt mat á núverandi aðstæður og samkvæmt því mati er ekki nægilega mikið af tegundakennurum svo hægt sé að kenna nægilega mörgum umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara og uppfylla með því þjálfunarþarfir atvinnugreinarinnar. Af því leiðir að skortur muni verða á hæfum kennurum til þess að veita þessa þjálfun sem mun valda truflun á þjálfun flugmanna, einkum á því sviði flugreksturs sem varðar einkaflugvélar viðskiptaaðila/fyrirtækja.

2.2 Jafngildi verndar

Norsk stjórnvöld lögðu til að heimila flugþjálfakennurum sem ekki uppfylla skilyrðið um að minnsta kosti þriggja ára reynslu sem tegundakennarar að kenna umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara. Slíkir flugþjálfakennarar skulu hafa að minnsta kosti þriggja ára reynslu sem slíkir og hafa lokið sérstöku tveggja daga flugþjálfakennaranámskeiði undir leiðsögn flugþjálfakennara og hafa staðist hæfnismat. Auk þess lögðu norsk stjórnvöld til að sú krafa yrði gerð að þessir flugþjálfakennarar þyrftu að standast hæfnismat á meðan á flugþjálfakennaranámskeiði stæði til þess að viðhalda gildi sérréttinda þeirra sem flugþjálfakennarar.

Flugöryggisstofnunin var sammála því mati norskra stjórnvalda að vernd jafngild þeirri og tryggð er með beitingu sameiginlegra reglna um flugöryggi sé náð með fyrirhugaðri undanþágu, sérstaklega með þeim kröfum um viðbótarþjálfun og mat sem hafa verið lagðar til.

3. Lýsing á undanþágunni

Norskum stjórnvöldum er heimilt, með undanþágu frá FCL.905.SFI í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, veita þeim flugþjálfakennurum sérréttindi sem ekki uppfylla kröfuna um að minnsta kosti þriggja ára reynslu sem tegundakennari til að kenna umsækjendum um vottorð flugþjálfakennara.

4. Skilyrði sem tengjast beitingu undanþágunnar

Þeir flugþjálfakennarar skulu hafa að minnsta kosti þriggja ára reynslu sem slíkir, skulu ljúka sérstöku tveggja daga flugþjálfakennaranámskeiði undir leiðsögn flugþjálfakennara og standast hæfnismat.

5. Almenn gildissvið undanþágunnar

Öllum EFTA-ríkjum er heimilt að beita þessari undanþágu að því tilskildu að skilyrðunum sem lýst er í 4. tl. sé fullnægt.

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli nr. 71480 – Telenor**2020/EES/58/02**

Þessi lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli nr. 71480 – Telenor – er lögð fram skv. 16. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 442/12/COL frá 29. nóvember 2012 um hlutverk og verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum („starfsskilmálar“).

Málsmeðferðin og drög að ákvörðun sem verða lögð fyrir ráðgjafarnefnd í þessu máli gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

1. Inngangur

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) hafði undir höndum upplýsingar sem bentu til þess að Telenor Norge AS ⁽¹⁾ kynni að hafa stundað viðskiptahætti sem fela í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins og/eða kunni að hafa gert samninga eða verið aðili að samstilltum aðgerðum sem brutu í bága við 53. gr. samningsins.

Samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið ESA framkvæmdi húsleit hjá Telenor Norge AS og móðurfélagi þess Telenor ASA (einu nafni „Telenor“) 3. til 12. desember 2012. Skoðun ESA á gögnum sem fengin voru hjá Telenor hélt áfram í húsakynnum ESA í Brussel 12. til 14. mars 2013, í viðurvist fulltrúa Telenor.

Telenor og ESA héldu ýmsa fundi í framhaldinu af því, m.a. um framvindu málsins og áttu bréfaskipti sín á milli. ESA sendi Telenor og öðrum rekstraraðilum á farsímamarkaði í Noregi beiðni um upplýsingar.

Við rannsóknina gerði ESA yfirgripsmikla rannsókn á háttsemi Telenor á þremur norskum mörkuðum: 1) heildsölumarkaði fyrir farsímaaðgangs- og upphringiþjónustu, 2) markaði fyrir breiðbandstengingu farsíma fyrir einstaklingsnotendur og 3) markaði fyrir farsímaþjónustu við fyrirtæki.

ESA hóf málarekstur á hendur Telenor 26. mars 2014 (skjal nr. 697590, ákvörðun nr. 135/14/COL), í samræmi við 1. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, með það fyrir augum að taka ákvörðun á grundvelli III. þáttar II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

2. Skrifleg málsmeðferð

ESA samþykkti andmælaskjal 1. febrúar 2016, sem beint var til Telenor (skjal nr. 784362, ákvörðun nr. 028/16/COL). Í andmælaskjalinu kom fram sú bráðabirgðaaafstaða ESA að Telenor hefði brotið gegn 54. gr. EES-samningsins með því að beita: 1) ólögmatum verðþrýstingi (e. margin squeeze) hvað varðar verðbilið milli aðgangs- og upphringiverðs í heildsölu og smásöluverðs fyrir breiðbandstengingu farsíma fyrir einstaklingsnotendur í Noregi frá janúar 2008 til ársloka 2012 og 2) frystingarákvæðum í smásölusamningum Telenor við fyrirtæki og hið opinbera í Noregi frá janúar 2008 þar til andmælaskjalið var samþykkt.

Óskað var eftir því að Telenor svaraði andmælaskjalinu fyrir 11. apríl 2016. ESA framlengdi frestinn til 25. apríl 2016 (skjal nr. 796492) að beiðni Telenor (skjal nr. 796438). Telenor svaraði andmælaskjalinu 25. apríl 2016 (skjöl nr. 802028 og 802055).

3. Fyrsta munnlega skýrslugjöfin

Í svari við andmælaskjalinu óskaði Telenor eftir munnlegri skýrslugjöf, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. starfsskilmálanna. Áður en munnlega skýrslugjöfin fór fram sendi ESA Telenor lista, með bréfi dags. 31. ágúst 2016, með spurningum sem komu upp í framhaldi af svari Telenor við andmælaskjalinu (skjal nr. 815872). Munnlega skýrslugjöfin fór fram 3. og 4. október 2016 í Brussel.

a. Þátttakendur

Fulltrúar Telenor og Telia voru viðstaddir munnlegu skýrslugjöfina. Telia fékk leyfi til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri sem þriðji aðili sem á hagsmunum að gæta (skjal nr. 807635). Viðstaddir skýrslugjöfina fyrir hönd ESA voru fulltrúar samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviðs, lagaskrifstofu og (á fyrsta degi skýrslugjafarinnar) stjórnarmaður sem ber ábyrgð á málaflokknum. Auk þess voru viðstaddir skýrslugjöfina fulltrúar norskra samkeppnisyrvalda (*Konkurransetilsynet*) og norskra fjarskiptayfirvalda (*Nasjonal kommunikasjonmyndighet*, framvegis „Nkom“).

⁽¹⁾ Þ.m.t. fyrirrennari fyrirtækisins að lögum, Telenor Mobil AS.

b. Málsmeðferð

Að lokinni yfirferð á atriðum sem varða málsmeðferð, einkum þeim sem talin eru upp í a. til d. lið 1. mgr. 14. gr. starfsskilmálanna, eða:

- birtingu gagna og aðgang að málsskjölum,
- fresti til að svara andmælaskjali,
- að réttur til að flytja mál sitt sé virtur, og
- að munnleg skýrslugjöf fari rétt fram,

hef ég staðfest í áfangaskýrslu dags. 21. nóvember 2019 (skjal nr. 922733) að réttarfarsleg atriði sem varða réttindi aðilanna hafi verið virt. Fær þessi afstaða frekari stuðning í því að hvorki Telia né Telenor óskuðu eftir því við skýrslugjafarfulltrúa að hann endurskoðaði ákvarðanir ESA, að því er varðar réttarfarsleg atriði, fyrir munnlegu skýrslugjöfina eða meðan hún fór fram.

c. Framkvæmd munnlegrar skýrslugjafar

Munnleg skýrslugjöf fór fram á tveimur dögum, að beiðni Telenor, svo ekki væri hætta á ótilhlýðilegri tímabring. Skýrslugjöfin fór alfarið fram á ensku og var skráð eins og gert er ráð fyrir í 8. mgr. 14. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Hluti skýrslugjafarinnar fór fram fyrir luktum dyrum, eins og kveðið er á um í 13. gr. starfsskilmálanna.

Fyrsti dagurinn fór í umræður um ólögmetan verðþrýsting. Að lokinni stuttri kynningu skýrslugjafarfulltrúa fór ríkisaðstoðar- og samkeppnisvið yfir þær fullyrðingar sem settar voru fram í andmælaskjalinu. Fulltrúar Telenor lýstu afstöðu sinni til hins ólögmeta verðþrýstings. Þvínæst kynntu umboðsmenn Telenor helstu lagalegu álitafæni, einkum mat á markaðsráðandi stöðu, að hömlur séu ómissandi (nauðsyn þess að nota netkerfi Telenor) og valið á stigi samsöfnunar að því er varðar prófið fyrir ólögmetan verðþrýsting. Auk þess kynntu umboðsmenn Telenor nokkur lykilatriði að því er varðar efnahagslega þætti málsins, einkum ætlaðan ólögmetan verðþrýsting og niðurstöðu andmælaskjalsins að því er varðar skilgreiningu á markaði og markaðshlutdeild. Í kjölfar hvernar kynningar báru mismunandi starfsmenn samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviðs upp spurningar sem fulltrúar Telenor svöruðu eins og vera ber. Fulltrúum Telia gafst síðan kostur á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi málið í kjölfarið. Í munnlegri skýrslugjöf þeirra var lögð áhersla á staðreyndaupplýsingar, frekar en lagalega þætti, einkum varðandi markaðsskilgreiningar á heildsölu- og smásölumörkuðum, takmarkanir á getu og niðurstöður varðandi ráðandi stöðu Telenor.

Síðari dagurinn fór í umræður um frystingarákvæðin. Samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið fór að sama skapi yfir staðhæfingar sem fram koma í andmælaskjalinu, m.a. ástæður ESA fyrir þeirri frumniðurstöðu að frystingarákvæðin hafi falið í sér misnotkun, auk rökstuðnings samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviðs að því er varðar skilgreiningu á markaði og ráðandi stöðu. Líkt og á fyrsta degi munnlegu skýrslugjafarinnar hélt Telenor sérstaka kynningu um hvert málsatvik, lagalega þætti og efnahagsleg áhrif fyrirkomulagsins að því er varðar frystingarákvæðin. Viðskiptafulltrúar Telenor héldu ítarlega kynningu um þróun fyrirtækjaviðskipta og þróun viðtekinna venja að því er varðar frystingarákvæðin og viðskiptalegar forsendur þeirra. Við umfjöllun um lagalega þætti málsins útskýrðu fulltrúar Telenor þá afstöðu sína að niðurstöður andmælaskjalsins einkenndust af misskilningi á virkni markaða, sem og á viðteknum venjum að því er varðar frystingarákvæðin, m.a. hvernig ESA, að mati Telenor, yfirsást samkeppnislegur ávinningur frystingarákvæða í samningum. Fulltrúar Telenor útskýrðu, hvað þetta varðar, að ESA hefði að þeirra mati ekki tekist að sýna fram á frystingarákvæðin væru til þess fallin að hafa samkeppnis-hamlandi áhrif. Auk þess fór fram lokuð kynning af hálfu viðskiptafulltrúa Telenor um mismunandi samningsfyrirkomulag sem Telenor fylgdi að því er varðar fyrirtækjaviðskipti. Í kjölfar lokuðu kynningarinnar fjallaði Telia nánar um sjónarmið fyrirtækisins varðandi frystingarákvæðin. Kynning þeirra beindist að atriðum sem varða skilgreiningu á markaði og ráðandi stöðu Telenor í smásölu í fyrirtækjaviðskiptum.

Hef ég staðfest í áfangaskýrslu minni dags. 21. nóvember 2019 (skjal nr. 922733) að við munnlega skýrslugjöf hafi Telenor og Telia fengið fullnægjandi tækifæri til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum að því er varðar frumniðurstöður ESA, í samræmi við 4. mgr. 10. gr. starfsskilmálanna.

4. Áframhaldandi málsmeðferð

ESA sendi Telia 13. febrúar 2017, beiðni um frekari upplýsingar í kjölfar munnlegrar skýrslugjafar (skjöl nr. 840673 og 1076450) og 18. maí 2017 til TDC SA („TDC“) (2) (skjal nr. 857212). Telia og TDC svöruðu 14. mars 2017 (skjöl nr. 847236, 847237, 1076156, 1076158, 847239, 847240, 847241, 847242, 847808, 847809, 847810, 847811, 847812, 847813, 847814, 847815, 847817, 847818, 847819, 847820, 847821, 847822, 847823, 847824 og 847825) og 15. júní 2017 (skjöl nr. 880377, 1076043, 1076044, 1076045, 1076046, 1076047, 1076049, 1076050, 1076051, 1076052, 1076053, 1076054 og 1076055) í þeirri röð. Hinn 12. október 2017 hélt ESA fund með Telenor um stöðu málsins. Á þeim fundi tilkynnti ESA um þá ætlun sína að samþykkja viðbótarandmælaskjal, á grundvelli viðbótarupplýsinga sem borist höfðu eftir skýrslugjöfina.

5. Viðbótarandmælaskjal

ESA samþykkti viðbótarandmælaskjal 24. júní 2019, sem beint var til Telenor (skjal nr. 1075321, ákvörðun nr. 047/19/COL). Í viðbótarandmælaskjalinu útskýrði ESA að eftirlitsstofnunin hefði ákveðið, með skírskotun til forgangsröðunar, að hætta rannsókn sinni á brotum sem varða frystingarákvæði. Viðbótarandmælaskjalið var fyrra andmælaskjalinu til fyllingar og þurfti að lesa það með hliðsjón af því síðarnefnda.

Telenor hafði frest til að svara viðbótarandmælaskjalinu til 13. ágúst 2019. ESA framlengdi frestinn til 20. ágúst 2019 (skjal nr. 1078100) að beiðni Telenor. Telenor var ósammála lengd frestsins og óskaði eftir því með bréf dags. 8. júlí 2019 (skjal nr. 1079670), að skýrslugjafarfulltrúinn færi yfir beiðni Telenor um að frestur yrði veittur til 16. september 2019. Skýrslugjafarfulltrúinn ákvað með bréfi dags. 22. júlí 2019 (skjal nr. 1079572), að lengja frestinn til 2. september 2019, sem endurspeglar þá staðreynd að Telenor fékk ekki aðgang að tilteknum aðalskjölum sem geymd voru í gagnaherbergi fyrr en 13 dögum eftir að Telenor hafði fengið aðgang að skjölunum á DVD. Telenor svaraði viðbótarandmælaskjalinu 2. september 2019 (skjal nr. 1085650).

6. Síðari munnlega skýrslugjöfin

Í svari við andmælaskjalinu óskaði Telenor eftir munnlegri skýrslugjöf, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. starfsskilmálanna. Munnleg skýrslugjöf fór fram 10. október 2019 í Brussel.

a. Þátttakendur

Fulltrúar Telenor voru viðstaddir munnlegu skýrslugjöfina. Af hálfu ESA voru fulltrúar samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviðs og lagaskrifstofu. Auk þess voru viðstaddir skýrslugjöfina fulltrúar norskra samkeppnisyfirvalda (*Konkurransetilsynet*) og Nkom. Telia óskaði ekki eftir því að vera viðstatt munnlegu skýrslugjöfina.

b. Málsmeðferð

Að lokinni yfirferð á atriðum sem varða málsmeðferð, einkum þeim sem talin eru upp í a. til d. lið 1. mgr. 14. gr. starfsskilmálanna, eða:

- birtingu gagna og aðgang að málsskjölum,
- fresti til að svara viðbótarandmælagreinargerð,
- að réttur til að flytja mál sitt sé virtur, og
- að munnleg skýrslugjöf fari rétt fram,

hef ég staðfest í áfangaskýrslu dags. 21. nóvember 2019 (skjal nr. 922733) að réttindi aðilanna varðandi málsmeðferð hafi verið virt. Þessi afstaða fær frekari stuðning í þeirri staðreynd að Telenor óskaði hvorki eftir því við mig fyrir, eða við síðari munnlegu skýrslugjöfina, að ákvarðanir ESA að því er varðar málsmeðferðaratriði, yrðu endurskoðaðar, nema að því er varðar lengd frestsins til þess að svara viðbótarandmælaskjalinu, sem skýrslugjafarfulltrúinn leysti til fullnustu (eins og fram kemur að ofan, í 2. mgr. 5. hluta).

(2) TDC SA er danskur þjónustuveitandi í fjarskiptaþjónustu.

c. Framkvæmd munnlegrar skýrslugjafar

Munnlega skýrslugjöfin tók einn dag. Skýrslugjöfin fór alfarið fram á ensku og var skráð eins og gert er ráð fyrir í 8. mgr. 14. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Munnlega skýrslugjöfin fór að öllu leyti fram fyrir opnum tjöldum.

Var allur dagurinn tileinkaður ólögætum verðþrýstingi, sem var efni viðbótarandmælaskjalsins. Að lokinni opnunarýfirlýsingu skýrslugjafarfulltrúa fór ríkisaðstoðar- og samkeppnisvið yfir afstöðu sína til staðhæfinganna sem settar voru fram í viðbótarandmælaskjalinu. Telenor fékk síðan nánast allan umræðutímann sem eftir var. Fulltrúi Telenor hóf mál sitt á almennum athugasemdum og kynnti sjónarmið Telenor um hin meintu brot. Í framhaldinu héldu fulltrúar Telenor kynningu um réttarfarsleg atriði í tengslum við málið sem snertu rétt Telenor til þess að flytja mál sitt, sönnunarbyrði og aðferðafræðileg atriði. Að því er varðar rétt Telenor til þess að flytja mál sitt, hélt Telenor því fram að viðbótarandmælaskjalið skorti samhengi og greiningu og því hefði Telenor ekki haft nægilegar upplýsingar til þess að geta svarað með fullnægjandi hætti.

Því næst hélt Telenor kynningu á raunverulegri eða mögulegri samkeppni á viðkomandi markaði á seinna sölustigi og síðan aðra kynningu um skilgreiningu á seinna sölustigi, þar sem útskýrð var þróun markaðar fyrir breiðbandstengingu farsíma fyrir einstaklingsnotendur í Noregi ásamt umfjöllun um ýmsar lagalegar röksemdir. Að loknu hádegishléi kynntu forráðamenn Telenor greiningu á ólögætum verðþrýstingi þar sem áhersla var einkum lögð á á stig samsöfnunar og mat á áhrifum. Í kjölfarið kynntu efnahagsráðgjafar Telenor efnahagsleg atriði sem m.a. vörðuðu markaðsskilgreiningar, stig samsöfnunar, áhrif, notkun á verðbílum Telia, auk líkana og aðferðafræðilegra atriða.

Á meðan á því stóð bar samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið fram nokkrar spurningar sem Telenor fjallaði um og svaraði. Í lok skýrslugjafarinnar lauk fulltrúi Telenor máli sínu með lokaathugasemdum og óskaði eftir því að Telenor fengi tækifæri til þess að íhuga hvort ástæða væri til þess að fylgja spurningum sem komu upp á meðan á skýrslugjöfinni stóð eftir skriflega. Ég samþykkti þessa beiðni og óskaði eftir því að Telenor tilkynnti fyrir 16. október 2019 hvort fyrirtækið teldi skrifleg svör við einhverjum spurninganna nauðsynleg. Telenor svaraði 16. október 2019 og upplýsti að skrifleg greinargerð til eftirfylgni vegna sumra spurninganna væri talin nauðsynleg og að hún yrði tilbúin fyrir 25. október 2019. Ég samþykkti þennan frest. Telenor lagði fram skrifleg svör 25. október 2019 við tveimur spurningum sem komu fram við skýrslugjöfina (skjal nr. 1093684) sem varða: 1) gögn með farsímaáskriftum sem komið geti í staðinn fyrir sjálfstæða breiðbandstengingu fyrir einstaklingsnotendur og 2) þann möguleika að þjónustuveitendur annist þjónustu á heildsölustigi.

Ég hef í áfangaskýrslu minni dags. 21. nóvember 2019 (skjal nr. 922733), lagt fram það mat að munnlega skýrslugjöfin hafi veitt Telenor fullnægjandi tækifæri til þess að koma að sjónarmiðum sínum að því er varðar frumniðurstöður ESA, í samræmi við 4. mgr. 10. gr. starfsskilmálanna.

Að því er varðar greinargerð Telenor um að viðbótarandmælaskjalið hafi skort samhengi eða greiningu og að Telenor hafi ekki fengið nægilegar upplýsingar til þess að geta veitt fullnægjandi svör, tel ég að í viðbótarandmælaskjalinu hafi verið fullnægjandi samhengi og greining svo Telenor hafi getað svarað viðbótarandmælaskjalinu með viðunandi hætti. ESA vísaði t.d. til skjala sem viðbótarsönnunargagna til stuðnings frumniðurstöðum sínum, og var sú vísun gerð í tilteknu samhengi með skírskotun til áþreifanlegs efnis og grein gerð fyrir þeim hlutum þessara skjala sem áttu við til stuðnings niðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar.

7. Áframhaldandi málsmeðferð

Hinn 7. nóvember 2019 sendi ESA Telenor beiðni um upplýsingar varðandi innri og ytri markaðsrannsóknir/kannanir af hálfu Telenor á tímabilinu 1. janúar 2007 til 30. september 2013, að því er varðar gagnathjónustu um farsíma í Noregi (skjal nr. 1095066). Telenor svaraði þessari beiðni um upplýsingar 15. nóvember 2019 (skjal nr. 1097450) og lagði fram athugasemdir um viðkomandi markaðskannanir 10. desember 2019 (skjal nr. 1103119).

Stuttur símafundur með Telenor til upplýsingar um stöðuna var haldinn 13. desember 2019.

ESA sendi Nkom 13. janúar 2020 beiðni um upplýsingar (skjal nr. 1097871) og bað um skjöl og skýrslur um kannanir af hálfu Nkom og/eða annarra hagsmunaaðila á tímabilinu 2008 til 2012, og einnig vegna upplýsinga/kynninga frá hagsmunaaðilum um staðgöngu að því er varðar breiðbandstengingar farsíma og aðra þjónustu á tímabilinu 2008 til 2012. Nkom svaraði þessar beiðni um upplýsingar 20. janúar 2020 (skjal nr. 1109079).

Á stöðufundi sem haldinn var í gegnum myndfundabúnað 12. febrúar 2020 var Telenor upplýst um þá fyrirætlun ESA að senda bréf um málsatvik.

ESA sendi Telenor bréf um málsatvik 27. febrúar 2020 (skjal nr. 1110474) til þess að gefa fyrirtækinu kost á að gera athugasemdir við: 1) sönnunargögn sem þegar voru fyrir hendi sem ekki var sérstaklega byggt á í andmælaskjalinu og viðbótarandmælaskjalinu, sem ESA taldi, við frekari greiningu á gögnum, geta haft þýðingu og stutt við frumniðurstöður andmælaskjalsins og viðbótarandmælaskjalsins, 2) viðbótar-sönnunargögn sem athygli ESA var vakin á eftir samþykkt andmælaskjalsins, og 3) næmisútreikninga sem ígildi styrkleikaathugunar að því er varðar verðbilin vegna heildsöluviðskiptavina Telia og Telenor.

Auk bréfsins um málsatvik veitti ESA Telenor aðgang að öllum skjölum sem voru hluti af málgögnum eftir að viðbótarandmælaskjalinu var beint að fyrirtækinu. Þar sem ESA reiddi sig einnig á takmarkað magn upplýsinga sem voru háðar trúnaði gagnvart Telenor, í bréfinu um málsatvik, var utanaðkomandi ráðgjöfum Telenor veittur sá möguleiki að fá aðgang að þessum trúnaðarupplýsingum í gagnaherbergi. Hins vegar kaus Telenor ekki að nýta sér þennan möguleika.

Telenor svaraði bréfinu um málsatvik 23. mars 2020 (skjöl nr. 1123012, 1133599, 1135608, 1133600 og 1133601).

ESA sendi Telenor beiðni um upplýsingar 30. apríl 2020 þar sem óskað var eftir veltutengdum gögnum (skjöl nr. 1130626 og 1126651), og svaraði Telenor beiðninni 15. maí 2020 (skjöl nr. 1133295, 1133296, 1133371 og 1133372).

ESA sendi Telenor tölvupóst dags. 18. maí 2020 (skjal nr. 1133872), í tengslum við undirliggjandi skjöl sem vörðuðu tveggja þátta verðlagningu, sem vísað var til í svari Telenor við andmælaskjalinu. Telenor svaraði spurningunni með tölvupósti dags. 25. maí 2020 (skjal nr. 1134573).

8. Drög ákvörðunar

Umfang brotanna sem greint er frá í drögum að ákvörðun sem var lögð fyrir ráðgjafarnefndina er þrengra en í andmælaskjalinu.

Eins og fram kemur að ofan (í 2. hluta) kom það frummat ESA fram í andmælaskjalinu að Telenor hefði brotið gegn 54. gr. EES-samningsins með því að beita: 1) verðþrýstingi hvað varðar verðbilið milli aðgangs- og upphringiverðs í heildsölu og smásöluverðs sem Telenor setti upp fyrir breiðbandstengingu farsíma fyrir einstaklingsnotendur í Noregi frá janúar 2008 til loka ársins 2012, og 2) frystingarákvæðum í smásölusamningum Telenor við fyrirtæki og hið opinbera í Noregi frá janúar 2008 þar til andmælaskjalið var samþykkt.

Í viðbótarandmælaskjalinu (sjá að framan, fyrsta málsgrein 5. hluta) ákvað ESA, í þágu forgangsröðunar, að hætta rannsókn sinni á öðrum lið hinna meintu brota sem gerð var grein fyrir í andmælaskjalinu, þ.e. frystingarákvæðum í tengslum við viðurlög vegna uppsagnar fyrir tímamál á farsímaþjónustu á smásölumarkaði við fyrirtæki í Noregi. Af þeim sökum varðaði viðbótarandmælaskjalið einungis meintan ólögmatan verðþrýsting, sem þegar var búið að gera grein fyrir í andmælaskjalinu. Drögin að ákvörðun fjalla því um þennan ólögmatna verðþrýsting.

Í drögum að ákvörðun kemst ESA að þeirri niðurstöðu að Telenor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins með því að beita verðþrýstingi að því er varðar verðbilið milli aðgangs- og upphringiþjónustu í heildsölu á almennum farsímanetum og smásölumarkaðar fyrir sjálfstæða breiðbandstengingu farsíma fyrir einstaklingsnotendur í Noregi frá og með 1. janúar 2008 og til og með 31. desember 2012 („tímabilið sem er til umfjöllunar“).

ESA gerir í drögum að ákvörðun sinni grein fyrir heildsölumarkaðinum fyrir aðgangs- og upphringiþjónustu á almennum farsímanetum í Noregi sem viðkomandi markaði á fyrria sölustigi og smásölumarkaði fyrir veitingu sjálfstæðrar breiðbandstengingar farsíma fyrir einstaklingsnotendur í Noregi sem viðkomandi markað á seinna sölustigi.

Er það niðurstaða ESA í drögum að ákvörðun að Telenor hafi haft markaðsráðandi stöðu á heildsölumarkaði fyrir aðgangs- og upphringiþjónustu á almennum farsímanetum í Noregi á tímabilinu sem er til umfjöllunar og að á sama tíma hafi Telenor notið markaðsstyrks í ríkum mæli á smásölumarkaði fyrir sjálfstæða breiðbandstengingu farsíma fyrir einstaklingsnotendur í Noregi.

ESA kemst einnig að þeirri niðurstöðu í drögum að ákvörðun að, á tímabilinu sem er til umfjöllunar, hafi bilið á milli annars vegar uppsetts verðs Telenor gagnvart samkeppnisaðilum fyrir afhendingu heildsölu aðgangs- og upphringiþjónustu á almennu farsímaneti og hins vegar uppsetts verðs Telenor gagnvart eigin viðskiptavinum á seinna sölustigi fyrir þjónustu við einstaklingsnotendur sjálfstæðra breiðbandstenginga farsíma í Noregi, leitt til þess að jöfnum eða jafn skilvirkum samkeppnisaðila sem reiðir sig á slíka heildsöluþjónustu hafi ekki verið kleift að eiga í samkeppni við Telenor á seinna sölustigi án þess að verða fyrir tapi.

Af þeim sökum er það niðurstaða ESA að Telenor hafi beitt eftirfarandi viðskiptavini aðgangs- og upphringiþjónustu í heildsölu á almennu farsímaneti þess verðþrýstingi: 1) Network Norway frá og með 1. ágúst 2008 til og með 31. ágúst 2010, 2) Ventelo frá og með 1. janúar 2008 til og með 30. nóvember 2010, og 3) þjónustuveitendur („endurseljendur“) frá og með 1. janúar 2008 til og með 31. desember 2012.

Að því er snertir þessi þrjú brot eru drög að ákvörðun þrengri að umfangi en andmælaskjalið. Í andmælaskjalinu var það niðurstaða ESA að ólögætum verðþrýstingi hefði verið beitt gagnvart Network Norway á þriggja ára tímabili frá janúar 2008 til ársloka 2010, sem í drögum að ákvörðun er nú takmarkað við frá og með 1. ágúst 2008 til og með 31. ágúst 2010. Að því er Ventelo varðar var í andmælaskjalinu vísað til fimm ára tímabils frá janúar 2008 til ársloka 2012, en í drögum að ákvörðun er nú fjallað um tímabilið frá og með 1. janúar 2008 til og með 30. nóvember 2010. Auk þess lúta drög að ákvörðun ekki lengur að verðþrýstingi að því er varðar heildsöluviðskiptavin Telenor, TDC, sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir í andmælaskjalinu. Í viðbótarandmælaskjalinu var það niðurstaða ESA hvað TDC varðar að fyrirtækið væri ekki með starfsemi á einkamarkaði og hefði ekki áætlanir uppi um að koma inn á þann markað á tímabilinu sem er til umfjöllunar. Því var ekki litið á TDC sem raunverulegan eða mögulegan samkeppnisaðila á viðeigandi markaði á seinna sölustigi á því tímabili. Vegna þessa er TDC ekki lengur hluti af niðurstöðum ESA að því er varðar ólögætum verðþrýsting.

Í drögum að ákvörðun er það enn fremur niðurstaða ESA að ólögætum verðþrýstingur hafi verið til þess fallinn að hafa samkeppnishamlandi áhrif á viðkomandi smásölumarkaði og að ekki væri unnt á hlutlægan hátt að réttlæta háttsemi Telenor.

Allar framangreindar niðurstöður í drögum að ákvörðun samsvara þeim andmælum sem þegar er að finna í andmælaskjalinu og viðbótarandmælaskjalinu, auk bréfsins um málsatvik sem er þeim til fyllingar. Drög að ákvörðun byggjast á sömu viðeigandi landfræðilegu mörkuðum og vörumörkuðum á fyrria og seinna sölustigi sem greint er frá í andmælaskjalinu og viðbótarandmælaskjalinu. Að því er snertir ólögætum verðþrýsting er tímabilið sem er til umfjöllunar innan þeirra tímabila sem vísað er til í andmælaskjalinu og viðbótarandmælaskjalinu og auk þess þrengra en áður (eins og útskýrt er að framan). Enn fremur er það niðurstaða ESA að Telenor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með ólögætum verðþrýstingi að því er varðar Network Norway, Ventelo og þjónustuveitendur, og sé um að ræða þrjú aðskilin brot gegn 54. gr. EES-samningsins. Var grein gerð fyrir þessum þremur aðskildu brotum í andmælaskjalinu og viðbótarandmælaskjalinu, og bréfi um málsatvik þeim til fyllingar.

Að mínu mati og skv. 1. mgr. 16. gr. starfsskilmálanna, fjalla drögin að ákvörðun einungis um andmæli sem Telenor hefur fengið tækifæri til þess að tjá sig um.

9. Niðurstaða

Í ljósi framangreinds er það mat mitt að réttindi þeirra sem drög ákvörðunar beinast að varðandi málsmeðferð, m.a. rétturinn til þess að flytja mál sitt, hafi verið virt með tilhlýðilegum hætti á öllum stigum málarekstursins.

Michael Sánchez Rydelski
skýrslufulltrúi

Brussel, 3. júní 2020

**ÁLIT RÁÐGJAFARNEFNDAR UM SAMKEPPNISHÖMLUR OG
YFIRBURÐASTÖÐU FRÁ VARÐANDI DRÖG AÐ ÁKVÖRDUN Í**

2020/EES/58/03

MÁLI NR. 71480 – TELENOR

26. júní 2020

I. hluti

1. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um, hvað þetta mál varðar, að viðeigandi vörumarkaður á fyrri sölustigi sé heildsölumarkaður fyrir aðgangs- og upphringiþjónustu á almennum farsímanetum.
2. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um, hvað þetta mál varðar, að viðeigandi vörumarkaður á seinna sölustigi sé smásölumarkaður fyrir sjálfstæðar breiðbandstengingar farsíma („MBB“) fyrir einstaklingsnotendur. Minnihluti situr hjá.
3. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um, hvað þetta mál varðar, að viðeigandi landfræðilegur markaður fyrir heildsölu á aðgangs- og upphringiþjónustu á almennu farsímaneti takmarkist við Noreg.
4. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um, hvað þetta mál varðar, að viðeigandi landfræðilegur markaður að því er varðar sjálfstæða MBB-þjónustu fyrir einstaklingsnotendur takmarkist við Noreg.
5. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að Telenor hafi verið í markaðsráðandi stöðu á heildsölumarkaði fyrir aðgangs- og upphringiþjónustu á almennum farsímanetum í Noregi frá og með 1. janúar 2008 til loka ársins 2012.
6. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að Telenor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína í skilningi 54. gr. EES með uppsettu heildsöluverði fyrir reikiþjónustu gagnvart Network Norway („NwN“) og smásöluverði á sjálfstæðri MBB-þjónustu fyrir einstaklingsnotendur, sem hefði leitt til neikvæðrar framlegðar hjá jafn skilvirkum samkeppnisaðila á tímabilinu frá 1. ágúst 2008 til 31. ágúst 2010 (báðir dagar meðtaldir). Minnihluti situr hjá.
7. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að Telenor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína í skilningi 54. gr. EES með uppsettu heildsöluverði fyrir rekstraraðila sýndarfarsímanets gagnvart Ventelo og smásöluverði á sjálfstæðri MBB-þjónustu fyrir einstaklingsnotendur, sem hefði leitt til neikvæðrar framlegðar hjá jafn skilvirkum samkeppnisaðila frá 1. janúar 2008 til 30. nóvember 2010 (báðir dagar meðtaldir). Minnihluti situr hjá.
8. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að Telenor hafi misnotað markaðsráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES með uppsettu heildsöluverði fyrir þjónustuveitendur og smásöluverði á sjálfstæðri MBB-þjónustu fyrir einstaklingsnotendur sem hefði leitt til neikvæðrar framlegðar hjá jafn skilvirkum samkeppnisaðila frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 (báðir dagar meðtaldir). Minnihluti situr hjá.
9. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að misnotkun Telenor geti haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila í skilningi 54. gr. EES.
10. Ráðgjafarnefndin mælist til birtingar á I. hluta álits nefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

II. hluti

1. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að sekta beri þá sem drögin að ákvörðun beinast að fyrir hvert brot sem varðar ólögmetan verðþrýsting. Minnihluti situr hjá.
2. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að tekjur Telenor vegna hvers fyrirtækis sem urðu til á viðeigandi heildsölumarkaði (vegna NwN og Ventelo hvors um sig, og þjónustuveitenda í heild) og tekjur Telenor að því er varðar viðeigandi smásölumarkað skuli teknar til viðmiðunar við útreikning á grunnfjárhæð sektarinnar.
3. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um grunnfjárhæð sektarinnar sem hefur verið ákvörðuð í þessu máli.
4. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að leggja beri á viðbótarupphæð (e. entry fee) í þessu máli.
5. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að ekki séu fyrir hendi neinar ástæður til þyngingar og engar mildunarástæður í þessu máli.
6. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að beita beri margföldun sem ætluð er til fælingar, í þessu máli.
7. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um endanlega fjárhæð sektarinnar.
8. Ráðgjafarnefndin mælist til birtingar á II. hluta álits nefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

**Ágrip af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 070/20/COL frá 29. júní 2020
að því er varðar málarekstur skv. 54. gr. EES-samningsins**

2020/EES/58/04

(Mál nr. 71480 – Telenor)

Hinn 29. júní 2020 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“) ákvörðun um málarekstur skv. 54. gr. EES-samningsins („EES“). Í samræmi við ákvæði 30. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstól („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“) birtir Eftirlitsstofnun EFTA hér með nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar, m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

1 Inngangur

1. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 29. júní 2020 ákvörðun skv. 7. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („ákvörðunin“), sem beint var að Telenor Norge AS (þ.m.t. fyrirrennara þess að lögum Telenor Mobil AS) og móðurfélagi þess Telenor ASA (einu nafni „Telenor“) og lagði sektir á Telenor vegna brots á 54. gr. EES. Ákvörðunin varðar samkeppnishamlandi háttsemi (ólögmætan verðþrýsting), sem brýtur í bága við 54. gr. EES, af hálfu Telenor, að því er varðar þjónustu sem felst í sjálfstæðri breiðbandstengingu farsíma („MBB“) ⁽¹⁾ fyrir einstaklingsnotendur í Noregi á tímabilinu 2008–2012 („tímabilið sem er til umfjöllunar“).

2 Málmeðferð

2. Eftirlitsstofnun EFTA gerði húsleit skv. 4. mgr. 20. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í húsnaði Telenor í Fornebu, Noregi, frá 3. til 12. desember 2012. Leitinn hélt áfram í húsakynnum eftirlitsstofnunarinnar í Brussel frá 12. til 14. mars 2013.
3. Hinn 26. mars 2014 hóf eftirlitsstofnunin málarekstur skv. 1. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að því er varðar möguleg brot Telenor á 53. og/edá 54. gr. EES.
4. Hinn 1. febrúar 2016 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA Telenor um andmælaskjal, þar sem gerð var grein fyrir frumniðurstöðum eftirlitsstofnunarinnar. Telenor svaraði andmælaskjalinu 25. apríl 2016 og munnleg skýrslugjöf fór fram 3. og 4. október 2016.
5. Hinn 24. júní 2019 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA Telenor um viðbótarandmælaskjal. Telenor svaraði viðbótarandmælaskjalinu 2. september 2019 og fór munnleg skýrslugjöf fram 10. október 2019.
6. Hinn 27. febrúar 2020 sendi eftirlitsstofnunin Telenor bréf um málsatvik svo fyrirtækið ætti kost á því að tjá sig um viðbótarsönnunargögn. Telenor svaraði bréfinu um málsatvik 23. mars 2020.
7. Hinn 3. júní 2020 gaf skýrslugjafarfulltrúi út lokaskýrslu sína.
8. Hinn 10. júní 2020 fór fram samráð við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu og 26. júní 2020 gaf ráðgjafarnefndin út jákvætt álit um ákvörðunina og sekt þá sem lögð var á Telenor.

⁽¹⁾ MBB vísar til þjónustu sem gerir endanotendum kleift að komast á netið í gegnum tæki með stóran skjá (t.d. fartölvu, nettlövu eða spjaldtölvu) án þess að vera bundnir við fasta staðsetningu (þ.e. „á ferð“, „á hreyfingu“) í gegnum ytri sérhæfðar einingar (t.d. PC-kort, USB-tengibrautir eða þekkla (e. dongle) með SIM-tækni) eða í gegnum innri (innbyggðar) einingar (t.d. einkatölvur, fartölvur eða spjaldtölvur með innbyggðum tengingum). Með sjálfstæðri (e. stand-alone) MBB-þjónustu er átt við MBB-áskriftir (gjaldskráráskriftir) sem hægt var að kaupa óháð annari farsímafjarskiptajónustu, þ.e. sem ekki eru hluti af áskriftarpakka eða annars konar vöndli.

3 Málsvik

9. Telenor er fyrirtækið sem fyrir er á markaði fyrir fastlínu- og farsímafjarskiptaþjónustu í Noregi og eigandi farsímafjarskiptanets á landsvísu. Telenor er lóðrétt samþættur rekstraraðili og annaðist sem slíkur farsímaþjónustu á bæði heildsölu- og smásölustigi á tímabilinu sem er til umfjöllunar.
10. Aðgangur að almennu farsímakerfi er forsenda þess að rekstraraðilar geti boðið endanotendum farsímaþjónustu, s.s. sjálfstæða MBB-þjónustu. Farsímafyrirtæki á borð við Telenor nota eigin netkerfi (og veita sjálfum sér því aðgang), en fyrirtæki sem ekki eru farsímafyrirtæki eru háð því að geta keypt netaðganginn á heildsölustigi.
11. Á tímabilinu sem er til umfjöllunar, gerir bilið á milli uppsetts verðs Telenor á fyrra sölustigi gagnvart heildsöluviðskiptavinum, vegna aðgangs- og upphringiþjónustu í heildsölu á almennu farsímaneti þess, og uppsetts verð sem Telenor setur upp á seinna sölustigi gagnvart eigin viðskiptavinum í smásölu, vegna sjálfstæðrar MBB-þjónustu fyrir einstaklingsnotendur í Noregi, að verkum að jafn skilvirkir samkeppnisaðilar, sem reiða sig á slíka þjónustu í heildsölu, geta ekki keppt við Telenor á seinna sölustigi án þess að verða fyrir tapi.

4 Lagalegt mat

4.1 Viðeigandi markaðir

12. Í ákvörðuninni er eftirfarandi viðeigandi heildsölumarkaður skilgreindur sem: markaður fyrir aðgangs- og upphringiþjónustu á almennum farsímanetum. Á tímabilinu sem er til umfjöllunar felst þessi markaður í eftirfarandi þjónustu, sem veitt er í gegnum hvers konar heildsöluáðgang, þ.e. áðgang fyrir innlenda rekstraraðila á sviði reikiþjónustu, rekstraraðila sýndarfarsímanets og þjónustuveitendur: aðgangs- og upphringiþjónustu fyrir samtöl, SMS skilaboð, MMS skilaboð, og gagnaþjónustu (m.a. farsímagagnaþjónustu⁽²⁾ og MBB), fyrir einstaklingsnotendur eða fyrirtækjanotendur, hvort sem um er að ræða fyrirframgreiðslu eða viðskiptavini sem greiða eftirá, á öllum almennum farsímanetum (þ.e. GSM-kerfum og 3G (UMTS) og 4G (LTE) netkerfum).
13. Er það niðurstaða ákvörðunarinnar að þessi heildsölumarkaður teljist innanlandsmarkaður.
14. Í ákvörðuninni er eftirfarandi viðeigandi smásölumarkaður skilgreindur sem: markaður fyrir veitingu sjálfstæðrar MBB-þjónustu við einstaklingsnotendur. Á þessum markaði er ekki um að ræða: a) fasta breiðbandsþjónustu (m.a. lokað og opið þráðlaust net), b) gagnaflutningsþjónustu um farsíma og c) MBB-þjónustu við fyrirtækjanotendur.
15. Er það niðurstaða ákvörðunarinnar að þessi smásölumarkaður teljist innanlandsmarkaður.

4.2 Markaðsráðandi staða

16. Í ljósi markaðshlutdeildar Telenor á viðeigandi heildsölumarkaði, skorts á verulegu samkeppnisaðhaldi frá rekstraraðilum farsímaneta, hindrana sem eru til staðar varðandi áðgang og aukningu á umsvifum og skorts á raunverulegri og mögulegri samkeppni, til viðbótar við skort á mótvægiskaupmætti (samningsstyrk kaupanda), er það niðurstaða ákvörðunarinnar að Telenor hafi verið í markaðsráðandi stöðu á heildsölumarkaði fyrir aðgangs- og upphringiþjónustu á almennum farsímanetum í Noregi á tímabilinu sem er til umfjöllunar.

4.3 Misnotkun markaðsráðandi stöðu: ólögmaður verðþrýstingur

17. Ákvörðunin sýnir að Telenor misnotaði markaðsráðandi stöðu sína í skilningi 54. gr. EES með því að beita ólögmaður verðþrýstingi að því er varðar uppsett heildsöluverð á fyrra sölustigi fyrir afhendingu aðgangs- og upphringiþjónustu í heildsölu á almennu farsímaneti sínu og uppsett smásöluverð á seinna sölustigi fyrir sjálfstæða MBB-þjónustu við einstaklingsnotendur í Noregi.

⁽²⁾ Gagnaflutningur í gegnum farsíma (e. *Mobile telephony data services*) er frábrugðinn MBB-þjónustu og er um að ræða þjónustu sem gerir endanotendum kleift að komast á netið án þess að vera bundnir við fasta staðsetningu, í gegnum sömu farsímaáskrift/tal- og SMS/MMS-þjónustu.

18. Útreikningar eftirlitsstofnunarinnar sýna að jafn skilvirkir rekstraraðilar sem nýttu sér aðgangs- og upphringipjónustu Telenor á heildsölustigi á farsímanetkerfi þess hefðu verið með eða myndu verða með neikvæða framlegð⁽³⁾ og hefðu ekki getað byggt upp með hagnaði sams konar viðskiptasafn á smásölustigi og Telenor að því er varðar sjálfstæða MBB-pjónustu við einstaklingsnotendur.
19. Einkum leiddi verðlagning Telenor til eða hefði leitt til neikvæðrar framlegðar hjá jafn skilvirkum samkeppnisaðilum, á hverju stigi aðgangs að netkerfi þess (innlendir rekstraraðilar á sviði reikipjónustu, rekstraraðilar sýndarfarsímanets og pjónustuveitendur) á grundvelli:
 - a) uppsetts heildsölutaxta Telenor gagnvart Network Norway AS vegna reikipjónustu frá 1. ágúst 2008 til 31. ágúst 2010 (báðir dagar meðtaldir),
 - b) heildsölutaxta Telenor gagnvart Ventelo AS fyrir rekstraraðila sýndarfarsímanets frá 1. janúar 2008 til 30. nóvember 2010 (báðir dagar meðtaldir), og
 - c) heildsölutaxta Telenor fyrir pjónustuveitendur frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012 (báðir dagar meðtaldir).

4.4 Áhrif á samkeppni og neytendur

20. Af dómaframkvæmd evrópskra dómstóla má ráða að þegar framlegð er neikvæð, líkt og kemur fram í niðurstöðu ákvörðunarinnar, er líklegt að talið verði að fyrir hendi séu áhrif, sem að minnsta kosti geti mögulega leitt til útilokunar. Á þessum grundvelli er það því niðurstaða ákvörðunarinnar, sem fær stöð í öðrum þáttum, að verðlagning Telenor hafi hindrað, eða að minnsta kosti verið til þess fallin að hindra, raunverulega eða hugsanlega samkeppnisaðila, sem að minnsta kosti væru jafn skilvirkir og Telenor, í að fá aðgang að eða starfa á smásölumarkaði fyrir veitingu sjálfstæðrar MBB-pjónustu við einstaklingsnotendur í Noregi.
21. Telenor lagði ekki fram neinar hlutlægar forsendur eða hagkvæmnisrök fyrir háttsemi sinni.

4.5 Bótaábyrgð Telenor ASA

22. Í ákvörðuninni er komist að þeirri niðurstöðu að Telenor ASA beri óskipta ábyrgð á brotunum sem móðurfélag, sem og vegna afgerandi áhrifa þess, á dótturfyrirtæki sem eru að fullu í þess eigu, þ.e. Telenor Mobile Holding AS og Telenor Networks Holding AS, sem aftur voru, á þeim tíma, eigendur Mobil AS og Telenor Norge AS, á tímabilinu sem er til umfjöllunar.

4.6 Varnarþing

23. Þar sem markaðsráðandi staða Telenor varðar yfirráðasvæði Noregs eingöngu er það niðurstaða ákvörðunarinnar að eftirlitsstofnunin sé lögbæra stjórnvaldið í skilningi 2. mgr. 56. gr. EES, að því er varðar beitingu 54. gr. EES í málinu.

4.7 Áhrif á viðskipti

24. Í ákvörðuninni er komist að þeirri niðurstöðu að háttsemi Telenor hafi haft veruleg áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna í skilningi 54. gr. EES.

4.8 Úrræði og sektargerð

25. Þegar ákvörðunin var samþykkt var misnotkun Telenor á markaðsráðandi stöðu sinni lokið að því er varðar öll þrjú brotin varðandi ólögmetan verðþrýsting. Hins vegar ber Telenor að láta ógert að taka upp starfshætti eða ráðstafanir sem miða að sama marki eða að sömu áhrifum og brotin sem lýst er í ákvörðuninni.

⁽³⁾ Framlegðin felst í bilinu milli aðfangaverðs í heildsölu og smásöluverðs á seinna sölustigi sem ráðandi fyrirtæki setur upp áður en smásölukostnaður á seinna sölustigi er tekinn með í reikninginn.

26. Álagðar sektir á Telenor vegna brotanna þriggja eru reiknaðar á grundvelli reglna sem fram koma í leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar frá 2006 um aðferðir við útreikning sekta sem lagðar eru á skv. a-lið 2. mgr. 23. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Er það niðurstaða ákvörðunarinnar að endanleg upphæð sekta sem lagðar eru á Telenor Norge AS og Telenor ASA, sem bera óskipta ábyrgð, skuli vera EUR 32 562 000 vegna brots sem varðar uppsettan heildsölutaxta gagnvart Network Norway AS fyrir reikiþjónustu, EUR 27 783 000 vegna brots sem varðar heildsölutaxta Telenor gagnvart Ventelo AS fyrir rekstraraðila sýndarfarsímanets, og EUR 51 606 000 vegna brots sem varðar heildsölutaxta Telenor fyrir þjónustuveitendur, þ.e. EUR 111 951 000 samtals vegna brotanna þriggja.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/58/05

(mál M.9560 – Gränges/Impexmetal)

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Gränges AB (publ) („Gränges“, Svíþjóð).
- Impexmetal S.A. („Impexmetal“, Póllandi).

Gränges AB (publ) („Gränges“, Svíþjóð) nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Impexmetal S.A. („Impexmetal“, Póllandi). Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Gränges: framleiðsla og afhending á flatvölsuðum álvörum til viðskiptavina í bílaiðnaði, hitunar-, loftræsti- og kælikerfaiðnaði, og sérsviða á borð við spenna og matvælaumbúðir.
 - Impexmetal: framleiðsla og afhending á flatvölsuðum álvörum til viðskiptavina í bílaiðnaði, framleiðenda lokunarkerfa og fyrirtækja í rafeindatekni.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 286, 31.8.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9560 – Gränges/Impexmetal

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9741 – Ines Kaindl/Peter Kaindl/M. Kaindl)

2020/EES/58/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Swiss Krono Holding AG („Swiss Krono“, Sviss); lýtur yferráðum Ines Kaindl.
- Kronospan Group („Kronospan“, Austurríki); lýtur yferráðum Peter Kaindl.
- M. Kaindl OG („M. Kaindl“, Austurríki).

Ines Kaindl nær sameiginlegum yferráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir M. Kaindl OG.

Samruninn á sér stað með arfleiddslu.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Swiss Krono: fæst við framleiðslu á eignum að stofni til úr timbri, s.s. plötum, lagskiptum gólfefnum og lagskiptum eignum til skrauts.
- Kronospan: framleiðsla á eignum að stofni til úr timbri, s.s. plötum, lagskiptum gólfefnum og lagskiptum eignum til skrauts.
- M. Kaindl: framleiðsla á eignum að stofni til úr timbri, s.s. plötum, lagskiptum gólfefnum og lagskiptum eignum til skrauts.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttð. ESB C 289, 1.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9741 – Ines Kaindl/Peter Kaindl/M. Kaindl

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9798 – BorgWarner/Delphi Technologies)

2020/EES/58/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- BorgWarner Inc. („BorgWarner“, Bandaríkjunum).
- Delphi Technologies PLC („Delphi“, Bretlandi).

BorgWarner nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Delphi.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BorgWarner: framleiðsla á vörum sem bæta frammistöðu ökutækja, skilvirkni knúningskerfis, stöðugleika og loftgæði. BorgWarner skiptir starfsemi í tvær einingar: hreyfla og drifrásir.
 - Delphi: þróun, hönnun og framleiðsla á knúningskerfum til þess að ná sem bestri frammistöðu hreyfla, auka skilvirkni ökutækja, draga úr útblæstri, bæta frammistöðu í akstri og styðja við aukna rafmagnsvæðingu ökutækja. Starfsemi Delphi er skipt í fjórar einingar: eldsneytisinnspýtingarkerfi, aflrásarvörur, rafvæðingu og rafeindatækni og eftirmarkað.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 291, 2.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9798 – BorgWarner/Delphi Technologies

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9810 – Natixis Investment Managers/La Banque Postale/JV)

2020/EES/58/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Natixis Investment Managers („NIM“, Frakklandi), sem endanlega lýtur yfirráðum Banque Populaire Caisse d’Epargne („BPCE“, Frakklandi).
- La Banque Postale („LBP“, Frakklandi), sem endanlega lýtur yfirráðum Caisse des Dépôts et Consignations („CDC“, Frakklandi).

Natixis Investment Managers og La Banque Postale ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki sem mun samstanda af stórum hluta eignastýringarstarfsemi i) Ostrum AM (Frakklandi) og ii) LBPAM (Frakklandi).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BPCE: viðskiptabankastarfsemi og fjármálaþjónusta, einnig fjárfestingabankastarfsemi og eignastýring og tryggingar.
- NIM: eignastýring og umsýsla sjóða.
- Ostrum AM: eignastýring.
- CDC: frönsk opinber fjármálastofnun. Dótturfélög hennar eru með starfsemi í fjölbreyttum atvinnugreinum, s.s. fjármálaþjónustu og tryggingum.
- LBP: viðskiptabankastarfsemi og fyrirtækjabankaþjónusta, eignastýring og tryggingastarfsemi (líf- og skaða-tryggingar).
- LBPAM: eignastýring.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 289, 1.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9810 – Natixis Investment Managers/La Banque Postale/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/58/09****(mál M.9879 – APG/NPS/JMI/Brisa)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- APG Asset Management N.V. („APG“, Niðurlöndum).
- National Pension Service of the Republic of Korea („NPS“, Suður-Kóreu).
- José de Mello – Investimentos, SGPS, SA („JMI“, Portúgal).
- Brisa – Auto-Estradas de Portugal, S.A. („Brisa“, Portúgal).

APG, NPS og JMI ná í sameiningu yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Brisa.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- APG: dótturfélag alfarið í eigu APG Group sem annast eignastýringu og fjárfestir fyrir hönd þýsks lífeyrissjóðs APG Group í ýmsum greinum, s.s. orku og veitum, fjarskiptum og samgönguinnviðum.
- NPS: tryggingasjóður sem stofnaður var til að fjármagna og annast framkvæmd lífeyriskerfis Suður-Kóreu, með stýringu á sjóðum og virkum fjárfestingum í ýmsum iðngreinum, s.s. samgönguinnviðum, fyrir hönd viðskiptavina.
- JMI: dótturfyrirtæki alfarið í eigu JM Group (Portúgal), sem er eigandi fjárfestinga í ýmsum atvinnugreinum, einkum einkarekinni heilbrigðisþjónustu, vegagrunnvirkjum og iðefnaiðnaði, einkum í Portúgal.
- Brisa: lagning, viðhald og starfræksla hraðbrauta þar sem innheimt eru veggjöld, stoðþjónusta við veggjaldahraðbrautir, fargreiðslumiðlun, tæknilausnir fyrir flutnings- ökutækjaþjónustu í Portúgal.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 291, 2.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9879 – APG/NPS/JMI/Brisa

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/58/10****(mál M.9895 – KKR/Waves UK Divestco)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. (Bandaríkjunum).
- Waves UK Divestco Limited („Waves“, Bretlandi); undir yfirráðum Coty Inc.

KKR nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Waves.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: fjárfestingarfyrirtæki með starfsemi víða um heim sem býður fjárfestingar í fjölbreyttu úrvali sjóða með sérhæfðum eignum og aðrar fjárfestingalausnir, sem og fjármagnsmarkaðslausnir fyrir fyrirtækið, fyrirtæki í eignasafni þess og aðra viðskiptavinum.
 - Waves: þróun, markaðssetning, framleiðsla og dreifing á hárvörum fyrir fagfólk og í smásölu, sem og vörur fyrir neglur.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 289, 1.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9895 – KKR/Waves UK Divestco

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 22964301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9905 – Bridgepoint/EQT Credit Platform)

2020/EES/58/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Bridgepoint Advisers Holdings („Bridgepoint“, Bretlandi); undir yfirráðum Bridgepoint Group Limited (Bretlandi).
- EQT Credit Platform („EQT Credit Platform“, Svíþjóð); undir yfirráðum EQT AB (Svíþjóð).

Bridgepoint nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir EQT Credit Platform.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Bridgepoint: eignarhaldsfélag innan Bridgepoint Group, sem er samstæða með eignarhluti í óskráðum fyrirtækjum sem einkum fjárfestir í framtakssjóðum á efri miðmarkaði, neðri miðmarkaði og vaxtarfjármagnsfjárfestingum.
- EQT Credit Platform: evrópskur lánsfjárvettvangur sem einkum starfar út frá þremur áherslusviðum: forgangsskuldum, beinum lánveitingum og lánveitingum fyrir sérstakar aðstæður.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 291, 2.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9905 – Bridgepoint/EQT Credit Platform

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/58/12****(mál M.9908 – Bonduelle/Unibel/Sparkling Partners/Végéhub/Yumi)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Bonduelle SA („Bonduelle“, Frakklandi).
- Unibel SA („Unibel“, Frakklandi).
- Sparkling Partners (Frakklandi).
- Végéhub (Frakklandi), sem er sem stendur undir yfirlýðingum Sparkling Partners.
- Yumi (Frakklandi).

Bonduelle, Unibel og Sparkling Partners ná í sameiningu yfirlýðingum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Végéhub og Yumi.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Bonduelle: framleiðsla og markaðssetning á unnu grænmeti (grænmeti í dós, ferskt og frosið grænmeti).
- Unibel: framleiðsla og markaðssetning á iðnaðarframleiddum og unnum ávöxtum (soðnir ávextir og sultur).
- Sparkling Partners: fjárfesting í sprotafyrirtækjum sem t.d. starfa í matvælaíðnaði í landbúnaði og heilbrigðisgeirum.
- Végéhub: framleiðsla og markaðssetning á ávöxtum og grænmetissöfum.
- Yumi: framleiðsla og markaðssetning á ávöxtum og grænmetissöfum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórn. ESB C 284, 28.8.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9908 – Bonduelle/Unibel/Sparkling Partners/Végéhub/Yumi

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjórn. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9909 – ISTA International/Aareal Bank/Objego)

2020/EES/58/13

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- ISTA International GmbH („ISTA International“, Þýskalandi), undir yfirráðum CK Hutchison Holdings Limited og CK Assets Holdings Limited (Hong Kong/Cayman-eyjum, í báðum tilvikum).
- Aareal Bank AG („Aareal Bank“, Þýskalandi).
- Objego GmbH („Objego“, Þýskalandi), undir yfirráðum ISTA International.

ISTA International og Aareal Bank ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Objego.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ISTA International: notkunarmæling og tengd þjónusta í Þýskalandi, Frakklandi og Danmörku.
- Aareal Bank: fjármögnun fasteigna og þjónusta sem tengist því, ásamt hugbúnaðarlausnum fyrir fasteignafyrirtæki.
- Objego: þróun og starfræksla á stafrænum vettvangi sem annast og skipuleggur þjónustu í fasteigna- og orkugeirunum og tengdum þjónustugeirum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 293, 4.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9909 – ISTA International/Aareal Bank/Objego

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9910 – Mapfre Group/Santander Group/Popular Seguros JV)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2020/EES/58/14

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. ágúst 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mapfre S.A., ásamt dótturfélögum („Mapfre Group“, Spáni).
- Banco Santander, S.A., ásamt dótturfélögum („Santander Group“, Spáni).
- Popular Seguros – Companhia de Seguros, S.A. („Popular JV“, Portúgal), sem lýtur yfirráðum Santander Group.

Mapfre Group og Santander Group ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Popular JV.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Mapfre Group: trygginga- og endurtryggingastarfsemi í 45 löndum, m.a. Portúgal, Spáni og öðrum löndum í Evrópu og um allan heim.
- Santander Group: einstaklingsviðskipti, fyrirtækjaviðskipti, fjárfestingabankastarfsemi, eignastýring og fjársýsla víðs vegar í Evrópu, auk Bandaríkjanna, Rómönsku Ameríku og Asíu.
- Popular JV: váttryggingaþjónusta í Portúgal.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB C 289, 1.9.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9910 – Mapfre Group/Santander Group/Popular Seguros JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9447 – Hitachi/ABB (Power Grid Division))

2020/EES/58/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. maí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9447. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9460 – Capgemini/Altran)

2020/EES/58/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. október 2019 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32019M9460. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2020/EES/58/17****(mál M.9856 – M&G Investment Management/Baring Asset Management/
Tunstall Group Holdings)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. júlí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9856. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2020/EES/58/18****(mál M.9870 – Total Direct Energie/Kernaman)**

